

Íþróttahúsið á Reykhólum

REGLUR UM ÚTLEIGU

Reglur um leigu á íþróttasal Reykhólahrepps
til íþróttta-, ungmenna- og félagsstarfs og heilsuefningar



1. Leiga

Íþróttasalur Reykhólahrepps er leigður út á þeim tímum sem Reykhólaskóli og tómstundastarf skipulagt af tómstundafulltrúa notar ekki húsnæðið. Stundatafla skal vera hengd upp í anddyri íþróttahúss. Salurinn býðst því íþróttafélögum, félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum til útleigu. Hver tími telst 60 mínútur. Verðskrá má finna á heimasíðu Reykhólahrepps og er leiguupphæð endurskoðuð ár hvert af sveitarstjórn Reykhólahrepps.

2. Umsjón

Umsjónarmaður íþróttamannvirkja sér um leigu salar og tímapöntunum á tímabiliu 1. september til 31. maí. Lykil er hægt að nálgast hjá umsjónarmanni og honum skilað í Grettislaug að leigutíma loknum.

Skrifstofa Reykhólahrepps sér um leigu og tímapöntunum á tímabilinu 1. júní til 3. ágúst. Lykill er afhentur á skrifstofu og honum skilað þangað að leigutíma loknum.

Ábyrgðarmaður gefur upp nafn og símanúmer fyrir leigðum tíma ef þarf að hafa samband vegna útleigunnar. Reikningur er sendur til leigutaka um mánaðamót.

3. Ábyrgðarmaður leigutaka

Leigutaki (18 ára eða eldri) skal vera ábyrgðarmaður fyrir hverjum tíma sem leigður er. Ábyrgðarmaður skal ávallt mæta í upphafi hvers tíma og vera til staðar í húsinu á leigutíma. Ábyrgðarmaður skal tryggja að þeir sem nota salinn á hans vegum sýni háttsemi og fari að húsreglum. Hann skal fara að húsreglum varðandi umgengni og annað er varðar hið leigða húsnæði. Ábyrgðarmaður leigutaka skal sjá um að í lok leigðs tíma sé íþróttasal, áhald- og búningsherbergjum skilað í því ástandi að næsti hópur getur tekið við húsinu. Ábyrgðarmaður skal tryggja snyrtilegan viðskilnað og að húsið sé læst eftir að notkun lýkur.

4. Niðurröðun tíma

Eftir því sem kostur er verður reynt að haga útleigu þannig að leigðir tímar verði eins samfelldir og mögulegt er.

5. Leigðir tímar

Leigufyrirkomulag salarins er með þrennum hætti og heldur umsjónarmaður íþróttamannvirkja utan um leigða tíma.

1.1. *Stakir tímar* - Leigðir eru stakir tímar og skal panta þá helst með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

1.2. *Reglulegir tímar einn mánuð í senn* - Leigðir eru reglulegir tímar einn mánuð í senn og skal panta þá hjá skrifstofu Reykhólahrepps. Átt er við tíma í íþróttasal fjórar vikur í senn á sömu tímum í viku hverri.

1.3. *Reglulegir tímar í þrjá mánuði eða meira* - Leigðir eru reglulegir tímar a.m.k. þrjá mánuði í senn eða lengur.

6. Styrkur til leigutaka

Íþróttafélög eða félagasamtök með reglulega starfsemi sem eru með aðsetur í Reykhólahreppi geta óskað styrks frá hreppnum vegna tíma í íþróttasal, sem eru fyrir almenning, börn og unglinga. Slík umsókn skal berast sveitarstjóra og skal um hana fjallað í sveitarstjórn.

*Reglur þessar voru samþykktar á fundi félagsmála- og jafnréttisnefndar Reykhólahrepps 21. sept. 2006.
Reglurnar samþykktar með breytingum á fundi sveitarstjórnar Reykhólahrepps 22. feb. 2023.*